




Aðalskipulag Dalabyggðar

Skipulags- og matslýsing

kynning í mars og apríl 2020







ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS DALABYGGÐAR

Í skipulags- og matslýsingu er því lýst hvernig staðið verður að gerð aðalskipulagsins með það að markmiði að gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við skipulagsgerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur. Einnig að upplýsa þá um hvar og hvernig tækifæri gefist til þátttöku í vinnuferlinu.





TILDRÖG ENDURSKOÐUNAR OG MARKMIÐ




Tildrög endurskoðunar

- *Aðalskipulag Dalabyggðar 2004-2016* tók gildi árið 2009 og frá þeim tíma hafa tekið gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 og ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar taldi þörf á að uppfæra aðalskipulagið með hliðsjón af nýrri löggjöf, hvað varðar framsetningu og efnistöð og með tilliti til breyttra forsendna

Tilgangur og markmið verkefnisins

- Tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar er að aðlaga skipulagið að breyttum forsendum og skapa heildstæða umgjörð svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir
- Með því að marka skýra og raunhæfa stefnu sveitarstjórnar um skipulagsmál skapast vettvangur samvinnu og sáttar við íbúa og hagsmunaaðila gagnvart viðfangsefnum aðalskipulagsins



Yfirlit yfir friðlýst svæði, hverfisvernd, svæði og staði á náttúruminjaskrá og friðlýst æðarvarp í Dalabyggð

Greining á forsendum

Í upphafi vinnunnar er farið nánar yfir forsendur aðalskipulagsins og metið hvort þær hafi breyst. Einnig er metin reynslan af framfylgd gildandi aðalskipulags

Yfirlit yfir stöðu og þróun málaflokka

Í skipulags- og matslýsingunni er stutt yfirlit yfir stöðu og þróun megin málaflokka aðalskipulags Dalabyggðar og nefnd dæmi um gildandi stefnu sveitarfélagsins og á landsvísu. Helstu málaflokkar aðalskipulagsins eru:

- Samfélag
- Náttúru og landslag
- Atvinnuþróun og þjónusta
- Félags- og velferðarmál
- Menning
- Útivist



VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR VIÐ ENDURSKOÐUN

Afmörkun aðalskipulags

Skipulagið tekur til alls lands innan sveitarfélagsmarka Dalabyggðar, þ.e. til þéttbýlisins í Búðardal og dreifbýlisins

Aðalskipulag og sjálfbær þróun

Við gerð aðalskipulags er áhersla á að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun sbr. markmið skipulagslaga og leiðarljós landsskipulagsstefnu


Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur sveitarstjórnar

- **Flokkun landbúnaðarlands.** Að gerð verði úttekt og flokkun á landbúnaðarlandi og hún nýtt til þess að marka stefnu um nýtingu og eftir atvikum vernd landbúnaðarlands í aðalskipulagi Dalabyggðar, svo sem með tilliti til skógræktar.
- **Auðlindir.** Að tekið verði saman yfirlit yfir helstu auðlindir í sveitarfélaginu, sem tekur m.a. til neysluvatns og áætlaða þörf íbúa og atvinnulífs, m.a. varðandi neysluvatn. Gerð verði úttekt á mögulegum vindorkusvæðum með tilliti til byggðar, ásýndar og hljóðvistar og hvort slík vinnsla sé möguleg innan sveitarfélagsins.
- **Samgöngur og íbúapróun.** Að fjallað verði um samgöngur og íbúapróun með tilliti til stöðu atvinnugreina í Dalabyggð, svo sem þjónustu- og vinnusóknar í sveitarfélaginu og á stærra svæði. Tekið verði saman yfirlit yfir íbúapróun og samsetningu íbúafjöldans og spár um þróun til framtíðar






SKIPULAGSFERLIÐ - TÍMAÁÆTLUN VERKEFNIS





ÁBYRGÐAR- OG SAMRÁÐSAÐILAR VIÐ GERÐ AÐALSKIPULAGS



Sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags. Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar fjallar um aðalskipulagsvinnuna í umboði sveitarstjórnar

Verkefnisstjórn

Skipulagsfulltrúi, formaður og varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar og ráðgjafi mynda verkefnisstjórn

Samvinna við íbúa og hagsmunaaðila

Rík áhersla er lögð á aðkomu íbúa og hagsmunaaðila að skipulagsvinnunni. Leitað verður álits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérhæfðum upplýsingum vegna skipulagsvinnunnar



Matsskylda

Endurskoðun aðalskipulags Dalabyggðar fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

Umhverfispættir og áhrifapættir

Áhrifavaldar eða áhrifapættir aðalskipulagsins eru þeir hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið. Umhverfispættir eru þættir sem framkvæmd eða áætlun getur haft áhrif á. Umhverfismatinu er ætlað að lágmarka neikvæð áhrif við gerð áætlunarinnar og hámarka þau jákvæðu

Aðferðir við umhverfismat og framsetning niðurstaðna

- Stuðst verður við þær upplýsingar sem fyrir liggja um grunnástand umhverfis og upplýsingar sem koma fram í skipulagsferlinu
- Unnin verður umhverfisskýrsla samhliða skipulagsgerðinni. Framsetning umhverfismats verður í formi matstafla og/eða texta.
- Stuðst er við vægiseinkunnir við mat á valkostum og einstökum þáttum skipulagsins
- Lagt er mat á það hvort valkostir um stefnu í aðalskipulagi styðji eða gangi gegn þeirri stefnu sem umhverfisviðmiðin fela í sér





TENGLA AÐALSKIPULAGS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Áætlanir á landsvísu

Í vinnsluferli aðalskipulagsins verður gætt að samræmi við stefnu stjórnvalda á landsvísu um skipulagsmál og skipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga. Áætlanir og stefnuskiöl eru t.d.:

- *Landsskipulagsstefna 2015-2026*
- *Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Forgangsmarkmið íslenskra stjórnvalda*
- *Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030*
- *Samgönguáætlun 2019-2033*
- *Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun*
- *Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027*
- *Stefnumótandi byggðaáætlun 2018-2024*
- *Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun)*
- *Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018–2029*





TENGLA AÐALSKIPULAGS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Svæðisskipulag

Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 var staðfest árið 2018. Hlutverk svæðisskipulagsins er að undirbyggja, marka og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn sveitarfélaganna á þróun atvinnulífs, samfélags og umhverfis svæðisins og útfæra þá sýn m.t.t. skipulagsmála


Svæðisáætlanir á Vesturlandi

Dæmi um áætlanir:

- *Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024*
- *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð: 2014-2019*
- *Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020*

Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga

- *Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022*
- *Aðalskipulag Eyja- og Miklaholtshrepps 2018-2038*
- *Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024*
- *Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018*
- *Aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022*
- *Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026*





HVERNIG ER HÆGT AÐ TAKA ÞÁTT Í FERLINU?

Helstu vörður í samráðsferlinu

Kynning lýsingar

- skriflegar athugasemdir við lýsingu
- hugmyndir og ábendingar inn í ferlið

Kynning á fyrstudrögum að stefnu

- athugasemdir/ábendingar

Kynning á vinnslutillögu

- athugasemdir/ábendingar

Auglýsing aðalskipulagstillögu

- skriflegar athugasemdir við auglýsta tillögu

Aðferðir

Íbúafundir, kynning lýsingar og kynning tillögu

Vefur Dalabyggðar

- Skjöl í ferlinu eru aðgengileg á vefnum
- Opið fyrir hugmyndir eða ábendingar
- Hafa samband og koma á framfæri ábendingum





HVERNIG ER HÆGT AÐ TAKA ÞÁTT Í FERLINU?

Aðalskipulag Dalabyggðar - hugmyndir inn í endurskoðun

Hefur þú hugmyndir eða ábendingar inn í aðalskipulagsvinnuna?

1. Skrá hugmynd/ábendingu

Staður eða viðfangsefni

Dínar hugmyndir eða ábendingar

Lýsing á hugmynd eða ábendingu 250 stafir eftir

Nafn þess sem setur inn hugmynd/ábendingu

Viðhengi

Veja skrá


Svo sem mynd eða pdf skal sem fylgir færslu. Athugið stærð skjals

2. Staðsetning

Vejið staðsetningu með því að smella á kortið eða notið eftirfarandi valkosti.

Leita Lengd/Breidd

Finna stað



3. Ljúka við skráningu

Hugmynda- og ábendingavefur

- Einfaldur vefur eða vefsíða þar sem ekki er krafist innskráningar eða rafrænna skilríkja
- Markmiðið er rafrænt samráð, til viðbótar við lögbundið samráð við íbúa og hagsmunaaðila
- [Hugmynda- og ábendingavefurinn](#) er aðgengilegur á heimasíðu Dalabyggðar
- Hvað er skráð:
 - Texti og/eða skjöl (t.d. pdf eða jpg skjöl)
 - Skráning er tengd við stað (punkt)

Allar færslur birtast á vef, en hægt að taka út eða breyta ef þess er óskað

Hægt verður að skrá inn hugmyndir eða ábendingar allt ferlið, fram að auglýsingu aðalskipulagstillögu

Upplýsingar um skipulagsgerðina birtast á heimasíðu [Dalabyggðar](#)